

Landsákvörðað framlag Íslands til 2035

Ísland stefnir að áframhaldandi samvinnu við Evrópusambandið, á grundvelli núverandi samstarfs í loftslagsmálum. Töluleg markmið Íslands eru tvö og ná annars vegar til losunar frá landi og hins vegar til samfélagslosunar.

Ísland skuldbindur sig til að ná fram 50-55% samdrætti í nettólosun gróðurhúsalofttegunda árið 2035 miðað við árið 2005, í þeim geirum sem eru nú skilgreindir í reglugerð um samfélagslosun (ESR), þar á meðal losun frá vegasamgöngum, orkuvinnslu, sjávarútvegi, landbúnaði og úrgangsstjórnun.

Ísland skuldbindur sig til að ná fram 400-500 kt CO₂ íg. samdrætti í losun frá landi (LULUCF) árið 2035 miðað við árið 2025.

Auk þeirra tölulegu markmiða sem sett eru fram hér að framan, verður unnið að samdrætti í losun frá staðbundum iðnaði sem fellur undir ETS kerfið, með stuðningi við tæknilausnir til föngunar, hagnýtingar og niðurdælingar.

Með þessum aðgerðum nær landsframlag Íslands yfir allt hagkerfið, þar sem þessar þrjár meginstoðir loftslagssamstarfs við ESB (ESR, LULUCF, ETS) taka til losunar allra geira og gróðurhúsalofttegunda.